

✉ Re: Dsk Laugargerðisskóli í Eyja- og Miklaholtshreppi

Búið til	7.7.2022 10:39:24
Höfundur	Sunna Björk Ragnarsdóttir
Sent	7.7.2022 10:39:22
Tilheyrir	📁 202206-0001 - Dsk fyrir Laugargerðisskóli í Eyja- og Miklaholtshreppi

Efni

Re: Dsk Laugargerðisskóli í Eyja- og Miklaholtshreppi

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	7.7.2022 10:39:22	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Sunna Björk Ragnarsdóttir - HA (sunnabjork@unak.is)
Til	skipulag.eyjaogmikla@gmail.com

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202206-0001 (SBR/JG/BK).

Vísað er til tölvupósts frá sviðsstjóra umhverfis- og skipulagsmála, dags. 31. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði og hesthús við Laugargerðisskóla í Eyja- og Miklaholtshreppi. Deiliskipulagsbreytingin varðar skilgreiningu á 11 nýjum íbúðarhúsalóðum og 7 hesthúsalóðum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytinguna og vill minna á að gæta þarf þess að framkvæmdir tengdar uppbyggingu næst Haffjarðará sem er á náttúruminjaskrá valdi ekki raski eða auki álag á lífríkis svæðisins.

Haffjarðará er þekkt vetrarsvæði andfugla, þ.á.m. álfta, og fellur svæðið innan mikilvægs fuglasvæðis (<http://www.ni.is/node/16138>) sem nær yfir grunnsævi og fjörur frá utanverðum Borgarfirði, um Mýrar og Löngufjörur vestur að Stakkhamri, ásamt eyjum og hölmum, fjörukambi og strandvötnum. Einnig telst með landið sjávarmegin við Hringveg nr. 1 og Snæfellsnesveg nr. 54, þar á meðal mýrlendi og vötn á Mýrum og vestur úr. Svæðið er enn fremur innan svæðistillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands á B-hluta Náttúruminjaskrár, Mýrar-Löngufjörur (<https://www.ni.is/greinar/ve-myrar-longufjorur>).

Svæðið sem um ræðir við Laugargerðisskóla er að hluta til votlendi. Í greinargerð Alta er tekið fram að svæðið sé að mestu óraskað en skurðir ræsa votlendið fram að einhverjum hluta á svæðinu. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar finnst starungsmýrarvist á svæðinu sem hefur mjög hátt verndargildi samkvæmt frummati Náttúrufræðistofnunar og var flokkuð mjög ofarlega sem forgangsvistgerð við val tillögusvæða á B-hluta náttúruinjaskrár. Svæðið, sem umrætt skipulagssvæði er hluti af, var meðal annars valið sem tillaga vegna víðlendra mýrarsvæða sem einkenna Mýrar og Löngufjörur. Tjarnarstararflóavist er jafnframt á skipulagssvæðinu skv. vistgerðarkortinu en hún hefur einnig mjög hátt verndargildi skv. frummati NÍ en flokkast ekki sem forgangsvistgerð. Þá er hluti spildunnar sem um ræðir lyngmóavist sem hefur einnig hátt verndargildi en er ekki forgangsvistgerð. Fyrirhugað íbúðarsvæði er þó ekki umfangsmikið og því er ekki um að ræða stóra fláka af fyrrnefndum vistgerðum. Engar friðaðar plöntur, eða á válista, hafa verið skráðar á svæðinu.

Mikilvægt að bakkar árinna haldist náttúrulegir og byggð fari ekki of nálægt ánni. Til að ná fram skilvirkri vernd vatnavistgerða telur Náttúrufræðistofnun að tryggja þurfi að jaðarsvæðum þeirra sé ekki raskað í að minnsta kosti 100 m fjarlægð frá þeim en ný íbúðarhús eru skilgreind í 50 m fjarlægð frá bakka. Einnig er mikilvægt að frárennsli frá íbúabyggð og hesthúsahverfi valdi því ekki að vistfræðilegt ástand árinna hnigni líkt og kveður á um í lögum nr. 36/2011 um stjórnatnamála.

Með kveðju,

Sunna Björk Ragnarsdóttir

Sviðsstjóri rannsókna og vöktunar / Department director, Research and monitoring

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)

Email: Sunna.B.Ragnarsdottir@ni.is (<mailto:Sunna.B.Ragnarsdottir@ni.is>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

P Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en prentað er

From: "Kristín Þorleifsdóttir" <skipulag.eyjaogmikla@gmail.com>

To: "Móttaka - NÍ" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Dsk Laugargerðisskóli í Eyja- og Miklaholtshreppi

Date: 31.5.2022 16:59:31

Góðan daginn,

Hjálagt er tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæði og hesthús við Laugargerðisskóla í Eyja- og Miklaholtshreppi. Óskað er eftir umsögn NÍ, einkum þar sem skipulagssvæðið liggur að Haffjarðará.

Athugasemdafrestur er til og með 15. júlí.

Með kveðju,

Kristín Þorleifsdóttir

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsmála og skipulagsfulltrúi

Póstfang: Breiðablik, 311 Eyja- og Miklaholtshreppi

Netfang: skipulag@eyjaogmikla.is (mailto:skipulag@eyjaogmikla.is)

Sími: 693-1524

<https://eyjaogmikla.is> (<https://eyjaogmikla.is>)

(<http://nesvottun.is/>)

Viðhengi

image001.png (5 KB)